

191. Fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu, Haáleitisbraut 66

Þriðjudaginn 7. mars 2023.

Mætt voru: Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs sem stýrði fundi, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Ragnhildur Benediktsdóttir boðaði forföll.

Gestur fundarins var Eiríkur Guðlaugsson lögfræðingur

Dagskrá fundar:

- 1. Fundur settur kl. 12.30 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.*
- 2. Tilnefning í kirkjugarðaráð. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ákveðið að tilnefna Valtý Valtýsson áfram næstu 4 árin. Varamaður hans er Guðrún S. Magnúsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi í Bláskógabyggð.*
- 3. Skaðabótamál í tengslum við óhapp í kirkjugarði. Eiríkur Guðlaugsson lögfræðingur kynnti. Dómur er fallinn í máli konu sem féll um jólaljósasnúru. Snúra lá yfir gangstíg. Kirkjugarðurinn varð því bótaskyldur.*
- 4. Ný kortasjá fyrir kirkjuna. Sigurgeir Skúlason kynnti. M.a. er hægt að finna prófastdæmi, prestaköll og sóknir. Ekki tengt við gagnagrunn. Er undir Vefsjá á Kirkjan.is.*
- 5. Ársreikningar kirkjugarða – staða mála. Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar kynnt. Stefnt að því að fara í rafræn skil til að auka skilvirkni.*
- 6. Þingsályktunartillaga um skipan starfshóps um umönnun og geymslu líka. Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Kirkjugarðaráð lýsti ánægju sinni með að þetta þarfa mál væri tekið til umfjöllunar á þinginu. Ákveðið var að Kirkjugarðaráð og KGSÍ sendu umsögn um þingsályktunartillöguna og var Ingvari falið að semja umsögnina.*
- 7. Fundur í dómsmálaráðuneytinu 16. mars n.k. Kirkjugarðaráð skipti með sér verkum fyrir fundinn.*
- 8. Næsti fundur verður haldinn fimmtudagurinn 13. apríl kl. 13:00 á Biskupsstofu.*
- 9. Önnur mál.*

Fundi var slitið kl. 13:58.

Ragnhildur Benediktsdóttir,

formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,

ritari